



LÍFBREY TILEIKI

þjónusta vistkerfa

Verkefni fyrir 13-25 ára

Í þessu verkefni læra nemendur um þjónustu vistkerfa og mikilvægi hennar fyrir okkur mannfólkið og aðrar lífverur. Hægt er að hjálpa vistkerfi í slæmu ástandi að auka þjónustu þess með því að stunda vistheimt og endurheimta lífbreytileikann.



Markmið

- Nemendur þekki helstu þjónustu sem vistkerfi veita okkur og átti sig á að án þjónustu vistkerfa ætti maðurinn erfitt með að lifa á Jörðinni
- Skilja mikilvægi vistkerfa í góðu ástandi
- Skilja hvernig þjónusta vistkerfa tengist lífbreytileika
- Þekkja hugtakið vistheimt (endurheimt vistkerfa) og skilja hvernig það tengist þjónustu vistkerfa



Efni og áhöld

Náttúra til framtíðar bls 7-10

Handbókin Að lesa og lækna landið.

Þjónusta vistkerfa.



Framkvæmd

1. Getur þú nefnt dæmi um hvaða þjónustu vistkerfi veita okkur?

- Hvað getið þið haldið niðri í ykkur andanum lengi? Við þurfum súrefni.
- Hvað getið þið lifað lengi án þess að drekka vatn (eða annan vökva)?
- Hvað getið þið lifað lengi án þess að borða mat?
- Hvar myndum við fá efni í húsin okkar ef það væri ekki hægt að fá það úr náttúrunni?

2. Hvað hefur maðurinn gert sem minnkar þjónustu vistkerfa?

3. Hvað gerist ef vistkerfin hætta að geta veitt þessa þjónustu?

4. Hvað er hægt að gera til að hjálpa vistkerfum sem eru í slæmu ástandi og geta ekki lengur veitt þessa þjónustu? (Skoðið vistheimt).

Verkefnið birtist áður á [verkefnavef](#) bókarinnar Náttúran okkar.